



föstudagur, 24. febrúar 2023

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Efni: Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um Spöngina, sbr. 30. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 26. október 2022.

Umhverfis- og skipulagsráð felur umhverfis- og skipulagssviði, að hefja samtal við eigendur við Spöngina í Grafarvogi um framtíðarþróun svæðisins. Tillögunni fylgir greinargerð.

Greinargerð

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar er boðað að hugað verið sérstaklega að lykilsvæðum innan hverfanna og unnið verði að hugsanlegri andlitslyftingu á Spönginni. Margir spennandi möguleikar eru á frekari uppbyggingu á svæðinu með tilheyrandi fjölbreyttari þjónustu og mögulegri fjölgun í búða. Spöngin er í einkaeigu en fyrirspurnir um hugsanlegar viðbyggingar við einstaka hús hafa verið að berast til embættis skipulagsfulltrúa. Eðlilegt er að skoða málið heilstætt og því er umhverfis- og skipulagssviði, í samráði við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, falið að kanna áhuga á slíkri vinnu. Ef sameiginlegur áhugi er fyrir hendi gæti næsta skref verið að vinna skipulagslýsingu eða tengja vinnuna við fyrirhugaða gerð hverfisSKIPULAGS fyrir Grafarvog. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

Umsögn:

Ráðgert er, skv. starfsáætlun og verkefnaskrá skipulagsfulltrúa, að hefja undirbúning og vinnu við gerð hverfisSKIPULAGS fyrir Grafarvog á árinu 2024. Í hverfisSKIPULAGI eru jafnframt skilgreind sérstök þróunarsvæði þar sem unnið verður „hefðbundið“ deiliskipulag fyrir viðkomandi reit eða svæði. Spöngin sem borgarhlutakjarni verslunar, þjónustu og atvinnu mun að öllum líkindum verða skilgreindur sem þróunarsvæði í hverfisSKIPULAGI. Frekari þróunar- og uppbyggingarmöguleikar á svæðinu verða unnir í samvinnu við hlutaðeigandi hagaðila á svæðinu í samstarfi við fleiri skrifstofur og einingar í borgarkerfinu. Ráðgert er að sú vinna fari af stað samhliða gerð hverfisSKIPULAGS fyrir borgarhlutann.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi